

13

15. júní

2. gr.

Í 15. gr. laganna komi: 1. dag maímánaðar í stað „1. dag aprílmánaðar“, og 1. dag júnímánaðar í stað „1. dag maímánaðar“.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

14

15. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjórapróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum samkvæmt þar gildandi lögum, skírteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum

með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

14
15. júní

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hest-
afla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hand
skrá

Magnús Guðmundsson.

LÖG

um

veðurstofu á Íslandi.

Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá
Handskrá

15
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Veðurfræðistöð skal stofnuð og starfrækt á landi hjer. Skal hún nefnd veðurstofa Íslands og standa undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins.

2. gr.

Starfssvið veðurstofunnar skal vera sem hjer segir:

a. Að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins. Skal til þess hafa nægi-